



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 16. febrúar 2009.

Breytingar á reglugerðum

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 13. febrúar nýja reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga og breytingar á reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Jafnframt var samþykkt á ársþingi KSÍ þann 14. febrúar breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga:
Meðfylgjandi í heild sinni.

Greinargerð:

Ný *Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga* kemur í stað *Reglugerðar KSÍ um knattspyrnuvelli og mannvirkjakafllann í Leyfishandbók KSÍ (2. útg.)* ef frá eru taldar forsendur M.01, M.02 og M.21. Hún tekur gildi frá og með 1. maí nk., og gildir fyrir leyfisumsóknir frá og með haustinu 2009.

Forsaga málsins er að árið 2006 setti UEFA nýja reglugerð um knattspyrnumannvirki (*UEFA Stadium Infrastructure Regulations*), sem ætlað var að taka við af mannvirkjakaflla leyfiskerfis UEFA. Þá tók ný reglugerð UEFA um leyfiskerfið (*UEFA Club Licensing Regulations*) gildi 1. okt. 2008, og tók við af Leyfishandbók UEFA, að knattspyrnumannvirkjum undanskildum. Þar með var mannvirkjareglugerð UEFA formlega orðin hluti af leyfiskerfinu.

Með hliðsjón af ofangreindu, var óhjákvæmilegt að fara svipaða leið hjá KSÍ ekki síst til að einfalda málin. Eins og staðan var orðin þurfti að leita í þrjár reglugerðir til að komast til botns í hvaða kröfur þyrfti að uppfylla ef byggja eða endurnýja átti knattspyrnuleikvang. Ný Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga nær yfir alla þætti í uppbyggingu knattspyrnuleikvanga sem voru í Reglugerð KSÍ um knattspyrnuvelli og mannvirkjakaflla leyfishandbókar KSÍ. Greinar 43 og 44 tengja svo reglugerðina við leyfiskerfið, á svipaðan hátt og gert er í reglugerðum UEFA. Að auki eru í reglugerðinni teknar með ýmsar tilvitnanir í mannvirkjareglugerð UEFA til upplýsingar eða samanburðar, einkum þar sem minni kröfur eru gerðar á Íslandi en í reglugerð UEFA. Efnislegar breytingar eru ekki miklar frá eldri reglugerðum.

Það má segja að ný Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvangs svari öllu sem svara þarf um kröfur sem KSÍ gerir við hönnun nýs knattspyrnuleikvangs eða endurnýjun eldri leikvangs. Jafnframt koma þar fram þau atriði úr reglugerð UEFA sem heppilegt er að framkvæmdaðili sé meðvitaður um. Nauðsynlegar upplýsingar eru því komnar á einn stað. Þó að efnislegar breytingar séu óverulegar þá er rétt að benda á eftirfarandi nýmæli:

Leikvangsflokkar A og B:

Gert er ráð fyrir leikvöllur sé með jarðvegshitun og vökvunarkerfi við nýframkvæmdir, Herbergi er skilgreint fyrir lyfjapróf, Heiðursstúka er skilgreind, Mörkuð er stefna um flóðljós frá og með 2015 með aðlögunartíma.

Leikvangsflokkar A, B og C:

Aðlögun að sætafjölda og yfirbyggðum sætum í stúku er framlengd til 2012, Auknar kröfur er gerðar til yfirborðs öryggissvæðis umhverfis leikvöll (nýfrkv.), Skerpt er á skilgreiningu á grænu knattspyrnugrasi.

Vakin er sérstök athygli á eftirfarandi ákvæði þessarar reglugerðar:

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ. Hún var samþykkt á fundi KSÍ þann 29. janúar 2009, og skal samkvæmt samþykktinni öðlast gildi eftir að leyfisferli ársins 2009 lýkur, þ.e. eigi síðar en 1. maí 2009. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð fyrir knattspyrnuvelli á Íslandi, og viðeigandi ákvæði í leyfishandbók KSÍ, 2. útgáfu.

Reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál:

breyting á grein 6.2.

Núverandi:

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina til aga- og úrskurðarnefndar innan sólarhrings frá því að leik lýkur.

Verður

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina til aga- og úrskurðarnefndar innan sólarhrings frá því að leik lýkur. ***Viðkomandi skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur honum. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.***

Í breytingunni felst að skýrar er kveðið á um hvernig framkvæmd þessa ákvæðis skuli vera. Viðkomandi leikmaður, þjálfari eða forráðamaður sem gerir skriflega athugasemd við brottvísun innan sólarhrings fær afrit af gögnum málsins og ber að skila inn athugasemdum innan þeirra tímamarka sem nefndin setur honum.

breyting á grein 6.4.

Núverandi

6.4. Nefndin getur orðið við kröfu aðila að um málsmeðferð agamála fari eftir reglum um kærúmál þegar og ef mál eru alvarlegs eðlis og geta varðað þyngstu viðurlög. Krafa um slíkt skal berast nefndinni fyrir næsta fund eftir umræddan atburð og tekur nefndin ákvörðun um kröfu aðila. Fallist nefndin á slíka kröfu skal málið fara í flýtimeðferð skv. grein 7.6. Fallist nefndin ekki á að meðferð málsins fari skv. meðferð kærúmála, eins og við getur átt, úrskurðar nefndin samkvæmt fyrirbyggjandi atvikaskýrslum skv. grein 6.1.

Verður

6.4. Nefndin getur orðið við kröfu aðila að um málsmeðferð agamála fari eftir reglum um kærúmál þegar og ef mál eru alvarlegs eðlis og geta varðað þyngstu viðurlög. ***Skrifleg krafa um slíkt skal berast nefndinni innan sólarhrings eftir umræddan atburð og tekur nefndin ákvörðun um kröfu aðila. Fallist nefndin á slíka kröfu skal málið fara í flýtimeðferð skv. grein 7.6. Fallist nefndin ekki á að meðferð málsins fari skv. meðferð kærúmála, eins og við getur átt, úrskurðar nefndin samkvæmt fyrirbyggjandi atvikaskýrslum skv. grein 6.1. Um áfrýjun fer skv. grein 14.2.***

Í breytingunni felst að krafa um að málsmeðferð fari eftir reglum um kærúmál skal berast skriflega innan sólarhrings eftir umræddan atburð, tímamörk eru sem sagt stytta þar sem áður þurfti slík krafa að berast nefndinni fyrir næsta fund nefndarinnar.

breyting á grein 9.3.

Núverandi

9.3. Ef augljóst er, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður varðandi agamál vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns eða rangrar skráningar ber skrifstofu KSÍ, á ábyrgð framkvæmdastjóra KSÍ, að leiðrétta þau. Nefndin skal taka slíka leiðréttingu fyrir á næsta fundi.

Verður

9.3. Ef augljóst er, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður varðandi agamál vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns eða rangrar/ófullnægjandi skráningar eða ef rangar upplýsingar hafa borist skrifstofu KSÍ, þá skal aga- og úrskurðarnefndin halda aukafund sbr. gr. 5.2. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál, og leiðrétta úrskurð eða kveða upp nýjan. Sá úrskurður skal taka gildi á hádegi næsta dag eftir uppkvaðningu.

Breytingin hefur í för með sé að leiðréttur úrskurður aga- og úrskurðarnefndar tekur gildi strax næsta dag eftir uppkvaðningu en ekki á hádegi á föstudegi eins og fyrri reglur kveða á um.

breyting á grein 23.4

Núverandi

23.4.1 Allir leikmenn sem taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum í meistaraflokki með félagi sem á sæti í Landsbankadeild karla skulu vera á samningi samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Leikmenn 2. aldursflokks eða yngri eru undanskildir ákvæði þessu.

23.4.2 Noti félag leikmann sem hefur keppnisleyfi en uppfyllir ekki skilyrði greinar 23.4.1 skal félaginu gefinn vikufrestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti skal málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem skal beita sektum eða eftir atvikum útilokun leikmannsins frá keppni þar til úrbætur hafa verið gerðar.

23.4.3. **Bráðabirgðaákvæði.** Félögum í Landsbankadeild karla er veittur frestur til 1. janúar 2009 til að uppfylla ákvæði greinar 23.4.1.

Verður

23.4.1 Allir leikmenn sem taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum **á tímabilinu 1. maí til 15. október** í meistaraflokki með félagi sem á sæti í Landsbankadeild karla skulu vera á samningi samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Leikmenn 2. aldursflokks eða yngri eru undanskildir ákvæði þessu.

23.4.2 Noti félag leikmann sem hefur keppnisleyfi en uppfyllir ekki skilyrði greinar 23.4.1 skal félaginu gefinn ~~vikufrestur~~ frestur til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti skal málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ sem skal beita sektum eða eftir atvikum útilokun leikmannsins frá keppni þar til úrbætur hafa verið gerðar.

23.4.3. ~~Bráðabirgðaákvæði. Félögum í Landsbankadeild karla er veittur frestur til 1. janúar 2009 til að uppfylla ákvæði greinar 23.4.1.~~

Með breytingunni er skilgreint á hvaða tímabili leikmenn skuli vera samningsbundnir skv. þessu ákvæði. Nú er leikmönnum því heimilt að leika án samnings frá 15. október og fram að upphafi næsta tímabils Íslandsmóts eða til 1. maí. Jafnframt er gefinn lengri frestur til þess að gera nauðsynlegar úrbætur ef félag uppfyllir ekki skilyrði ákvæðisins

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, samþykkt breyting á ársþingi KSÍ 14. febrúar. Breytingar eru ská- og feitiletraðar:

41.3. Lið, sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og greiða þar að auki bætur til mótaðila sem nemi 50% af ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar, en þó aldrei lægri upphæð en kr. 30.000. Sé um að ræða leik í keppni 11 manna liða skal upphæðin nema fullum ferðakostnaði fyrir 18 manns til viðkomandi leikstaðar, auk þess sekt til KSÍ að upphæð kr. 130.000 í meistaraflokki en kr. 30.000 í öðrum flokkum. ***KSÍ skal annast alla innheimtu samkvæmt þessari grein.***

Ofangreindar breytingar taka gildi nú þegar. Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ